



# Reglur Íslandsbanka hf. um meðferð gruns um misferli

1. desember 2020

<b>Útgáfa</b>	<b>Breytingar</b>	<b>Breytt af</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Staðfest af</b>	<b>Dagsetning</b>
1.0	Fyrsta útgáfa	Ágúst Hrafnkelsson	04.10.2017	Stjórn Íslandsbanka	04.10.2017
2.0	Breytt útgáfa	Ágúst Hrafnkelsson	02.10.2019	Stjórn Íslandsbanka	02.10.2019
3.0	Uppfært m.t.t. laga nr. 40/2020	Ágúst Hrafnkelsson	16.11.2020	Stjórn Íslandsbanka	01.12.2020

Allur réttur áskilinn. Ekki má fjölfalda, vista eða dreifa skjalinu með neinum hætti, þ. á m. ljósrita eða hljóðrita, án fyrirfram veitts skriflegs leyfis Íslandsbanka hf. eða sérstakrar heimildar í lögum. Fyrirspurnum vegna fjölföldunar skal beina til innri endurskoðanda bankans.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
1.1. Tilgangur og markmið.....	4
1.2. Gildissvið .....	4
1.3. Lagarammi .....	4
1.4. Eignarhald og endurskoðun.....	4
2. Misferli.....	4
3. Tilkynningar um hugsanlegt misferli.....	5
4. Ferli rannsókna og þagnarskylda.....	5
5. Vernd uppljóstrara .....	6
6. Kynning á reglum fyrir starfsmenn.....	6

Reglur Íslandsbanka hf. um meðferð gruns um misferli

Kópavogur, 1. desember 2020

Stjórn Íslandsbanka

---

Hallgrímur Snorrason,  
stjórnarformaður

---

Anna Þórðardóttir

---

Árni Stefánsson

---

Frosti Ólafsson

---

Guðrún Þorgeirsdóttir

---

Heiðrún Jónsdóttir

---

Herdís Gunnarsdóttir

## 1. Inngangur

### 1.1. Tilgangur og markmið

Tilgangur þessara reglna er að stuðla að góðum viðskiptaháttum og trausti á fjármálastarfsemi. Íslandsbanki (*hér eftir „bankinn“*) lítur misferli mjög alvarlegum augum og hvetur starfsmenn og ytri aðila til að tilkynna ef þeir verða varir við eða hafa vitneskju eða grun um hugsanlegt misferli sem tengist starfsemi bankans eða dótturfélaga hans á einhvern hátt. Með tilkynningum sínum aðstoða þessir aðilar við að upplýsa um brot sem valdið geta almenningi og atvinnulífi miklu tjóni. Slíkar ábendingar geta einnig forðað bankanum og dótturfélögum hans frá miklum álitshnekki og fjárhagslegu tjóni.

Markmið reglnanna er að stuðla að því að upplýst verði um misferli og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni.

### 1.2. Gildissvið

Reglur þessar gilda um alla starfsmenn bankans og dótturfélaga hans. Hugtakið starfsmaður er skilgreint vítt, þ.e. stjórnarmenn, allir starfsmenn í fullu starfi, þeir sem vinna hlutastörf og þeir sem taka að sér verkefni fyrir bankann og dótturfélög hans, t.d. sem verktakar, ýmist beint eða sem starfsmenn annars fyrirtækis. Jafnframt er gert ráð fyrir móttöku tilkynninga frá ytri aðilum.

### 1.3. Lagarammi

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Reglur þessar taka jafnframt mið af viðeigandi ákvæðum viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.<sup>1</sup>

### 1.4. Eignarhald og endurskoðun

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn bankans og er Innri endurskoðun eigandi þeirra. Reglur þessar skal endurskoða á að lágmarki tveggja ára fresti og uppfæra eftir því sem við á. Innri endurskoðandi bankans ber ábyrgð á að tryggja að viðeigandi endurskoðun eigi sér stað.

## 2. Misferli

Misferli er brot eða tilraun til brots á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja eða innri reglum bankans m.a. í því skyni að komast yfir fé eða önnur verðmæti í eigu bankans, dótturfélaga hans eða annarra. Undir misferli getur fallið að afla sér eða öðrum ávinnings í hvaða formi sem er, misnotkun á upplýsingum eða að valda bankanum, dótturfélögum hans, viðskiptavinum eða öðrum tjóni. Þá er einnig átt við hagsmunaárekstra og aðra óeðlilega viðskiptahætti, óeðlileg fyrirmæli eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi bankans. Með ámælisverðri háttsemi er átt við hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

---

<sup>1</sup> Leiðbeiningar Evrópsku Bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/11)

Misferli getur tengst öllum starfsmönnum bankans eða dótturfélögum hans, þar með talið stjórnendum.

Í vafatilvikum er hægt að leita ráða í trúnaði hjá innri endurskoðanda bankans sem leggur mat á málavexti.

### 3. Tilkynningar um hugsanlegt misferli

Einstaklingar með grun um hugsanlegt misferli eru eindregið hvattir til að tilkynna um slík mál. Starfsmaður sem býr yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi skal tilkynna um slík mál. Allar tilkynningar skal senda til misferlisteymis Innri endurskoðunar.

Tilkynningar er hægt að skrá í kerfi sem er sérstaklega aðgreint frá öðrum upplýsingakerfum bankans og vistað utan hans. Einungis misferlisteymi Innri endurskoðunar bankans hefur aðgang að skráðum málum. Kjósi einstaklingur fremur að tilkynna grun bréfleiðis eða símleiðis er jafnframt tekið við slíkum tilkynningum.<sup>2</sup>

Lögð er áhersla á að tilkynning sé vel rökstudd og að helstu upplýsingar komi fram í henni, s.s. hver ábendingin er, tímabil atburðar, hvar atburður átti sér stað og nánari lýsing á málavöxtum.

Starfsmönnum er heimilt að tilkynna nafnlausar ábendingar um meint misferli samstarfsmanna, treysti þeir sér ekki til að koma fram undir nafni. Kjósi einstaklingur að koma fram undir nafnleynd gefst honum engu að síður tækifæri til að eiga nafnlaus samskipti í gegnum tilkynningakerfið. Ytri aðilar geta jafnframt skráð tilkynningu um meint misferli í tilkynningakerfinu.

Æskilegt er að starfsmenn nýti ofangreindar leiðir til að tilkynna grun um misferli. Reglurnar takmarka hinsvegar ekki á nokkurn hátt rétt starfsmanna að tilkynna hugsanlegt misferli eftir öðrum leiðum, s.s. ef ástæða er til að ætla að bankinn hafi ekki brugðist við tilkynningu með eðlilegum og tímanlegum hætti.<sup>3</sup>

### 4. Ferli rannsóknar og þagnarskylda

Innri endurskoðandi Íslandsbanka leiðir innanhúsrannsóknir ef grunur vaknar um misferli innan bankans eða hjá dótturfélögum hans. Misferlisteymi Innri endurskoðunar fer yfir tilkynningar sem berast og metur hvort um misferli sé að ræða. Sé það mat innri endurskoðanda að um misferli sé að ræða er meginreglan sú að senda málið áfram til Seðlabanka Íslands eða lögreglu eftir eðli þess.

Innri endurskoðun skal stuðla að því að látið verði af hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi eða brugðist á annan hátt við henni. Greina skal starfsmanni sem tilkynnir um grun frá því hvort upplýsingarnar hafi orðið tilefni til athafna og þá hverra.

Starfsmenn Innri endurskoðunar eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum og utanaðkomandi aðilum. Þagnarskyldan varðar bæði þann sem tilkynnir

<sup>2</sup> Merkja má tilkynningar í bréfpósti: Íslandsbanki, Innri endurskoðun – misferlisteymi, Hagasmára 3, 201 Kópavogur.

<sup>3</sup> Sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

um brot og þann sem tilkynningin varðar og tekur til upplýsinga sem rekja má beint eða óbeint til þeirra beggja. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Seðlabanka Íslands og lögreglu.

Varði tilkynning hinsvegar meint brot starfsmanns kemur þagnarskylda ekki í veg fyrir að æðstu stjórnendur fái í kjölfar rannsóknar máls upplýsingar um þann starfsmann ef talin er þörf á að fylgja rannsókn eftir með frekari aðgerðum og rökstuddur grunur er um brot eða brotavilja.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal unnin í samræmi við lög um persónuvernd.

## 5. Vernd uppljóstrara

Bankinn verndar starfsmenn sem hafa tilkynnt um meint brot gegn því að þeir sæti óréttlátri meðferð sem rekja má til tilkynningar þeirra. Vernd starfsmanna nær til tilkynninga sem settar eru fram í góðri trú. Vernd starfsmanna nær hinsvegar ekki til tilkynninga sem gerðar eru gegn betri vitund. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur þó ekki hér undir.

Til óréttlátrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt.

Séu leiddar líkur að því að starfsmaður hafi verið beittur misrétti ber bankanum að sýna fram á að ákvörðun hafi byggt á öðrum forsendum en rekja má til tilkynningar starfsmannsins. Takist það ekki ber bankanum lögum samkvæmt að greiða starfsmanni bætur fyrir það tjón sem leitt hefur af hinni óréttlátu meðferð, bæði fjártjón og miska.

## 6. Kynning á reglum fyrir starfsmenn

Reglur þessar og nánari leiðbeiningar um hvernig skal skrá tilkynningar um meint misferli skulu vera vel kynntar starfsmönnum bankans og dótturfélaga hans og birtar á innri og ytri vef bankans.

Innri endurskoðun bankans skal standa fyrir reglubundnum kynningum á ferli misferlistilkynninga fyrir alla starfsmenn bankans og dótturfélaga hans. Starfsmenn skulu sýna fram á þekkingu á ferlinu.